

Veiting launalausra leyfa starfsmanna Vestmannaeyjabæjar – Viðmiðunarreglur

Umsókn um launalaust leyfi til lengri tíma skal senda bæjarráði til umfjöllunar og gilda um það eftirfarandi viðmiðunarreglur:

1. Umsókn um launalaust leyfi, studd fullnægjandi gögnum, skal send bæjarskrifstofunni með a.m.k. fjögurra mánaða fyrirvara.
2. Leyfi skal að jafnaði ekki veitt til lengri tíma en 12 mánaða.
3. Launalaust leyfi til lengri tíma en tveggja vikna skal aðeins veitt þegar til þess liggja ríkar ástæður, sem starfsmanni ber að tilgreina.

Framlenging á barnsburðarleyfi, sérstakar fjölskylduástæður, framhaldsnám eða annað kunna að réttlæta launalaust leyfi.

Ef starfsmaður hyggst ráða sig til annarrar vinnu verður launalaust leyfi að jafnaði ekki veitt. Launalaust leyfi getur þó í undantekningartilfellum verið veitt til eins árs að hámarki ef starfsmaður hyggst ráða sig í starf sem auðsjáanlega mun koma viðkomandi til góða í starfi og aðstæður á vinnustað hans þannig að leyfinu verði við komið með viðunandi hætti.

4. Sami starfsmaður fær ekki endurtekið leyfi nema sérstakar fjölskylduástæður eða framhaldsnám eða aðrar sérstakar ástæður réttlæti það og hagsmunir sveitarfélagsins mæli ekki gegn því.
5. Ef ráðinn er starfsmaður í stað þess sem veitt er launalaust leyfi, skal ganga skriflega frá því við ráðningu hans, að ráðningin sé til ákveðins tíma og sé slitið án uppsagnar.
6. Verði launalaust leyfi veitt er Vestmannaeyjabæ heimilt að skilyrða heimildina þannig að viðkomandi starfsmaður skuldbindi sig til áframhaldandi starfa hjá kaupstaðnum eftir að leyfi lýkur.
7. Umsókn um launalaust leyfi skal fylgja umsögn yfirmanns.
8. Óski starfsmaður eftir launalausum leyfi í stuttan tíma, án þess að það bitni á starfseminni eða leiði til kostnaðarhækkana, er leitast við að verða við slíkri beiðni. Það sama á við ef knýjandi persónulegar ástæður eru fyrir beiðni um launalaust leyfi.

Samþykkt í bæjarráði Vestmannaeyja 10. september 2008